Föstudaginn 27. október 1989.

Nr. 424/1989. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurjóni Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 25. október 1989. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn stendur enn yfir á innbroti í Víkurskála og ætlaðri aðild varnaraðila að því. Með vísan til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. október 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 25. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald, sem Sigurjóni Péturssyni gæslufanga, til heimilis að Engjaseli 72, Reykjavík, kt. 11.04.64-4289, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 16. október sl. og rennur út í dag kl. 16.00. Er nú krafist framlengingar allt til miðvikudags 29. nóvember nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kærði er undir rökstuddum grun að hafa brotist inn í Víkurskála, Vík í Mýrdal, aðfaranótt föstudags 13. október sl. í félagi við bróður sinn,

Daníel Pétursson, og Jón Hinrik Hjaltason. Kærði hefur hins vegar neitað allri aðild að innbrotinu þrátt fyrir framburð ofangreindra manna, sem borið hafa við yfirheyrslur hjá RLR, að þeir hafi þar verið þrír að verki.

Auk þessa máls, sem enn er á frumrannsóknarstigi, hefur kærði sjö sinnum á líðandi ári átt aðild að kærumálum vegna brota á almennum hegningarlögum, sem til rannsóknar hafa verið hjá RLR. Mál þessi hafa nú öll verið send ríkissaksóknara til ákvörðunar, og hefur hann gefið út ákæru á hendur kærða í tveimur málum.

Hinn 22. desember sl. var kærði dæmdur í tveggja ára fangelsi í sakadómi Reykjavíkur fyrir þjófnað. Kærði áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar Íslands, og verður málið flutt í Hæstarétti 2. nóvember nk.

Af sakavottorði kærða má sjá, að sakaferill hans er langur og samfelldur. Hefur kærði frá árinu 1981 átta sinnum verið sakfelldur fyrir hegningarlagabrot og fyrir þau hlotið samtals 62 mánaða fangelsi. Einnig hefur hann átta sinnum verið sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot.

Af framansögðu er ljóst, að kærði er síbrotamaður, sem virðist eiga erfitt með að hafa ofan af fyrir sér með löglegum hætti. Þykir vera veruleg hætta á því, að kærði muni halda áfram brotastarfsemi sinni, ef hann er nú látinn laus úr gæsluvarðhaldi, á meðan málum hans er enn ólokið hjá dómstólum. Þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 29. nóvember nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 29. nóvember nk. kl. 16.00.